




Dýrabær



Akranes  
Kringlan  
Krossmói  
Spöngin  
Smáralind  
www.dyrabaer.is



Bifreiðaverkstæði  
Grafarvogs

Allar almennar  
bílaviðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík  
Sími 577 4477  
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

# Árbæjarblaðið

1. tbl. 22. árg. 2024 janúar

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi

Gleðilegt ár!



Húsið glæsilega sem hýsa á meðal annars félagsaðstöðu Fylkis er fullhannað en síðan hefur ekkert gerst í tvö ár.

## Borgin hlunnfer íbúa í Árbæjarhverfi

- mikil óánægja ríkir í Árbænum - Sjá bls. 2, 4 og 6

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

## EIGNIR ÓSKAST Á ÞÍNU SVÆÐI!

Er með mikið af kaupendum á skrá á sérbylum í Árbæ, Selási og Norðlingaholti. Mikil eftirspurn er af eignum í hverfinu þínu.

FÁÐU FRÍTT VERÐMAT  
Hafðu samband!

Hrafnhildur Björk  
Baldursdóttir

Löggiltur fasteignasali

862 1110

hrafnhildur@valholl.is



Tilbúinn fiskur og  
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

# Árbæjarblaðið

Útgefandi: Skrautas ehf. Netfang: abl@skrautas.is  
Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.  
Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.  
Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is  
Útlit og hönnun: Skrautas ehf.  
Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson  
- abl@skrautas.is  
Prentun: Landsprent ehf.  
Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.  
Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

## Biðjum fyrir Grindvikingum

Ofan í eldgos, það fimmta á nokkrum misserum, sem hafði hörnu legar afleiðingar í för með sér í Grindavík kom einn lélegasti landsleikur sem íslenskt landslið hefur leikið í handknattleik.

Hrikalegt tap gegn Ungverjum var mikið kjaftshögg fyrir Íslendinga enda þjóðariþróttin sem á í hlut. Eins og venjulega þegar illa gengur eru samfélagsmiðlarnir logandi af skítkastri frá fólki sem þykist allt vita og allt geta. Undirritaður er eldri en tvævetra og hefur lengi fylgst með íslenskum landsliðum í handknattleik hér heima og erlendis. Oft hefur þetta blessaða landslið okkar komið á óvart, bæði með sætum sigrum og slæmum tap-leikjum.

Framundan eru fjórir leikir hjá okkar mönnum í Köln þar sem leikið verður gegn Þýskalandi, Króatíu, Austurríki og Frakklandi. Það getur allt gerst og þegar hafa mörg óvænt úrslit litið dagsins ljós á mótinu. Nægir þar að nefna jafntefli Færeyinga gegn Norðmönnum og jafntefli Svisslendinga og Frakka. Framundan eru skemmtilegir dagar þar sem það ræðst hvort Ísland nær að vinna sér inn þátttökurétt á næstu Olympíuleikum sem fram fara í Prag í sumar.

Hugur allra landsmanna er hjá Grindvikingum og atburðir síðustu daga hafa haft í för með sér hræðilegar afleiðingar fyrir mannlífið í Grindavík. Mikil óheppni var að litla sprungan skildi opnast rétt í bakgarðinum og eyðilggja þrjú einbýlishús.

Þegar þetta er skrifað stendur yfir mikil barátta við að koma heitu vatni í hús Grindvíkinga til að koma í veg fyrir frosts kemmdir innanhúss. Vonandi hefur það tekist.

Framtíðin er afar óljós en eitt er alveg ljóst að allir Íslendingar vilja og ætla að standa þétt við bakið á Grindvikingum. Þeir verða að fá alla þá aðstoð sem möguleg er og yfirvöld munu án efa gera allt til að koma sem mest til móts við Grindvíkinga.

Það er erfitt að setja sig í spor íbúanna sem hafa mátt ganga í gegnum margar raunir á liðnum mánuðum og reyndar árum. Eftir óbærilegar skjálftahrinur hefur röð eldgosa skolið á þetta friðsæla byggðarlag til mörg hundruð ára.

Við biðjum fyrir Grindvikingum öllum.

Stefán Kristjánsson

[abl@skrautas.is](mailto:abl@skrautas.is)

# „Það er komið að Árbæ“

- meirihlutinn í Reykjavík hlunnfer íbúa í Árbæjarhverfi

Brýnt er að ráðist verði í úrbætur á aðstöðumálum íþróttafélagsins Fylkis að því er fram kemur í ályktun íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts frá fundi ráðsins 19. desember sl. Þar kemur fram að þörf sé á félagsaðstöðuhúsi fyrir félagið og þá hafi stækkun Fylkissels í Norðlingaholti setið á hakanum hjá Reykjavíkurborg í tvö ár.

Borgarráð fjallaði um erindi íbúaráðsins á fundi sínum 11. janúar sl., en þar kom fram í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að vanefndir Reykjavíkurborgar gagnvart félaginu og íbúum hverfisins væru ámælisverðar og hefðu orðið til þess að starfsemi Fylkis væri haldið í lausu lofti.

### Íbúar í Árbæjarhverfi hlunnfarnir

Björn Gíslason, formaður Fylkis, segir íbúa í Árbæ hlunnfama í aðstöðumálum og tekur undir áhyggjur íbúaráðsins. „Það er nú bara þannig að við hjá Fylki höfum setið eftir þegar kemur að aðstöðumálum hjá íþróttafélögum í borginni. Borgaryfirvöld hafa staðið sig í stykkinu í uppbyggingu íþróttamannvirkja almennt, en íbúar í Árbæjarhverfi eru hlunnfarnir.“ segir Björn og nefnir að til að mynda hafi verið vel staðið að uppbyggingunni í Úlfarsárdal og í Seljahverfi. „Við fögnum því, en teljum að allir iðkendur íþróttanna í borginni eigi að búa við sambærilega aðstöðu.“

En um hvað snýst málið?

Íbúaráðið tekur þrjú atriði fyrir í ályktun sinni. Í fyrsta lagi mun svokallað félagsaðstöðuhús hafa verið teiknað á horninu við aðalvöll Fylkis, gegnt líkamsræktarstöðinni World Class.

„Í skýrslu sem unnin var af starfshópi með aðkomu borgarinnar, IBR og Fylkis árið 2019 var umfjöllun um félagsaðstöðuhús við Fylkisveg sem hýsa

ætti almenna aðstöðu Fylkis svo sem félagsheimili Fylkis, aðstöðu fyrir starfsfólk og búningsaðstöðu. Hús þetta hefur raunar þegar verið hannað,“ segir í ályktuninni, en t.d. hafa vaknað hugmyndir um að nýta húsið einnig sem menningarhús með aðstöðu fyrir bókasafn



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

o.fl.

Þá er í ályktuninni fjallað um sölu svokallaðra Hraunbæjarlóða við Bæjarháls, en þar hafa nú risið íbúðarhús eins og hverfisbúar þekkja. Fylkir mun hafa gefið þessar lóðir eftir með sérstöku samkomulagi við borgarstjóra árið 2017.

„Uppgjöri þessa samnings hefur enn ekki verið lokið þrátt fyrir ítrekaðar óskir Fylkis þar um og það hefur tafið fyrir nauðsynlegum framkvæmdum Fylkis til að bæta aðstöðu iðkenda félagsins. Viðræður við borgina um þessi mál hafa legið niðri í nokkum tíma, án þess að það standi upp á Fylki, en borgin hefur nú

boðið upp á viðræður að nýju, að ósk Fylkis,“ segir Björn, en í samningnum kom fram að Fylkir skyldi fá 20% af sölu þeirra lóða sem væri umfram söluverðmæti 400 milljóna króna.

### Börn í Árbæ og Norðlingaholti búi við sambærilegar aðstæður og önnur börn

„Í Norðlingaholti rekur Fylkir eina öflugustu fimleikadeild landsins auk karatedeildar, raífíróttadeildar og líkamsræktarstarfs fyrir eldra fólk. Hugmyndir hafa verið uppi um að bjóða upp á hópímleika fyrir iðkendur deildarinnar og bæta aðstöðuna í húsinu að öðru leyti, en það er ekki mögulegt nema til komi stækkun hússins. Þessi framkvæmd hefur verið á forgangslista um byggingu íþróttamannvirkja í borginni síðan árið 2021, en samtalið við borgina um þetta mál hefur gengið hægt,“ segir Björn og bætir því við að Fylkir hafi á sínum tíma mætt borginni á erfðum tímum með því að flytja starfsemi sína í húsið í stað þess að óska eftir sérhönnuðu fimleikahúsi. Húsið sem um ræðir var áður byggingavörverslunin MEST.

„Stóra málið í þessu fyrir okkur er að börn og ungmenni í Árbæ búi við sömu aðstæður og íþróttaiðkendur í öðrum hverfum. Það er komið að Árbæ,“ segir Björn sem kveðst hafa áhyggjur af framtíð Fylkis í Árbæjarhverfi.

„Það liggur fyrir ákvörðun borgarráðs um að nýtt hverfi á Höfða verði félagssvæði Próttar og Ármanns, en Fylkir sóttist á sínum tíma eftir því að þjónusta hverfið. Þetta er áskorun fyrir Fylki því að íbúafjöldi á félagssvæðinu í Árbæ er töluvert minni en í öðrum hverfum borgarinnar og stækkunarmöguleikar hverfisins eru takmarkaðir úr öllum áttum. Við höfum miklar áhyggjur af þessu,“ segir Björn.



Rúmlega 200 íbúðir hafa verið byggðar á fyrrum æfingarsvæði Fylkis við Hraunbæ. Mikil óánægja er með vanefndir borgarinnar á samningi sem borgarstjóri gerði við Fylki 2017.

**TJÓNAÞJÓFGERÐIR**

### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaþjófgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Dragháls 6-8
567-0690
tjon@tjon.is
www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

**Tjónaskoðun**

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarféлага.

**Rétting og máln**

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjábúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

# Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir  
byrjendur og lengri komna á  
öllum aldri.

## Hafðu samband:

[www.klasinn.is](http://www.klasinn.is)  
[mottaka@klasinn.is](mailto:mottaka@klasinn.is)  
599-1600



Zumba Gold  
(60+)




Taktu fyrsta  
skrefið



Jafnvægi  
& Hugarró



Heilsumat



## 60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

### Hafðu samband:

www.klasinn.is  
mottaka@klasinn.is  
599-1600

 HeilsuKlasinn



## Ertu í söluhugleiðingum?

Óska eftir eignum í Árbænum

**FÁÐU FRÍTT VERÐMAT**  
Hafðu samband!

Löggiltur fasteignasali

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**

hrafnhildur@valholl.is  
862 1110

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA



Spönginni 13, 112 Reykjavík



## Fréttir

Árbæjarblaðið



Meirihluti borgarráðs Reykjavíkur vísði frá tillögu um að ráðist yrði í stækkun fimleikahúss Fylkis á næsta ári.

# Tillögu um stækkun Fylkissels vísað frá

- eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Meirihluti borgarráðs hefur vísað frá tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ráðist verði í stækkun Fylkissels, fimleikahúss Fylkis í Norðlingaholti ekki síðar en á næsta ári. Samkvæmt tillögunni áttu byggingarframkvæmdir að hefjast ekki síðar en á árinu 2025 og vera lokið árið 2026.

Tillaga sjálfstæðismanna var tekin til afgreiðslu á síðasta fundi borgarráðs fyrir júl, 21. desember sl. Tillögunni var vísad frá með fjórum atkvæðum meirihlutans, þ.e. Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og flutningsmaður tillögunnar, segir leitt að meirihluti borgarstjórnar skuli fella tillöguna og þannig ganga gegn skýrri og samþykktari stefnu borgarinnar um forgangsröðun íþróttamannvirkja. „Stækkun fimleikahúss Fylkis var sett í fyrsta sæti varðandi forgangsröðun við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Sérstakur stýrihópur fór yfir uppbyggingarparfir íþróttafélaganna og í skilabréfi hópsins var stækkun

fimleikahússins raðað efst af átján verkefnum. Þessi forgangsröðun hópsins var samþykkt af borgarráði 3. september 2020 og er enn í fullu gildi. Ekkert bólar þó á þessari framkvæmd en aðrar framkvæmdir, neðar á listanum, hafa hins vegar hlotið brautargengi hjá borginni.“ segir



Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Kjartan.

Mikil þörf er fyrir stækkun fimleikahúss Fylkis enda mikil ásókn í þær íþróttgreinar, sem þar eru stundaðar, þ.e. fimleikar, parkour, karate og rafíþróttir, auk vaxandi íþróttastarfssemi eldri borgara. Fylkissel er gott æfingahúsnæði en hentar ekki til mótshalds og hefur því lengi verið kallað eftir stækkun hússins með byggingu viðbótarsalar.

Stækkun fimleikahúss Fylkis mun efla vinsælar íþróttgreinar í eystri hverfum borgarinnar og stuðla að fjölgun iðkenda í barna- og unglingastarfi þar, að því er segir í rökstuðningi með tillögu Kjartans.

Aðstöðumál Fylkis hafa einnig verið til umræðu í íbúaráði Árbæjar og Norðlingaholts að undanfögnu. Á síðasta fundi fyrir júl ályktaði ráðið að brýnt væri að ráðast í úrbætur á aðstöðumálum Fylkis. Var bent á að viðræður um stækkun Fylkissels hefðu staðið yfir í tvö ár en án niðurstöðu. Telur íbúaráðið mikilvægt að lögð verði fram raunhæf áætlun um áframhald verkefnisins þannig að ljúka megi því sem fyrst.

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

**bfo.is**

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

# ALVÖÖRU ÚTSALA



## Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla

Mótor: 2100W  
Þrýstingur Max: 150 bör  
Vatnsflæði Max: 450l/klst.

35% AF

**19.494**

Áður 29.990

## Lavor HPC Cruiser 200 extreme háþrýstidæla

Mótor: 2300W  
Þrýstingur Max: 200 bör  
Vatnsflæði Max: 300l/klst.

30% AF

**41.993**

Áður 59.990

## Black + Decker blaut- ryksuga

1200W, 15 lítra

**13.332**

Áður kr. 16.665

20% AF

## AirgoClean 11E lofthreinsitæki

Fjarlægir 99,97% af bakteríum, myglugróum o.fl. úr loftinu.

**11.999**

Áður 15.999 kr.



25% AF

25% AF

## Rafhloðu stingsög

11-20V – 20VOLT 2Ah

**12.746**

Áður 16.995



30% AF



40% AF

Borðsög Flip-over  
1800W bl. 255mm

**53.997**

Áður 89.995

20% AF

Ólíufylltur rafmagnsöfn  
9 þilja, 2000W

**7.998**

Áður 9.998

Keramik Element TFC 19E  
snúnings hitablásari, 2kW

**7.916**

Áður 9.895

40% AF



Nestisbox 3 stk

**1.077**

Áður 1.795

30% AF

Forester Pro snjóskófla

**4.199**

Áður 5.895

50% AF



Kross Laser 360 gráður  
15 m með 3 fótum

**8.103**

Áður 11.575



20% AF

Egematur ZEUS  
eldhústæki square

**4.043**

Áður 8.085

Maston Color spray  
Margir litir - 400 ml.

Verð frá:

**958**

20% AF



LuTool gráðukútsög 254mm 1600W

**26.997**

Áður 44.995

40% AF



40% AF

LuTool  
stein/við/járn sög 600W

**11.997**

Áður 19.995

20% AF



30% AF

MaxPro borvél  
450W

**4.197**

Áður 5.995



20% AF

Hecht loftpressa 100ltr 8bör 3hp

**71.992**

Áður 89.990

20% AF

Colorex Vagans 25  
Þvott- og rakaheld málning  
sem hentar á baðherbergi,  
þvottahús og eldhús 9 lítrar

**12.599**

Áður 17.999

30% AF



20% AF

Heimilistrappa 4 þrep

**7.388**

Áður 9.235

20% AF

Límbyssá 80W

**1.589**

Áður 2.119

40% AF

Skolvaskur vegghengdur  
1mm 55x45x21cm

**13.191**

Áður 21.985

30% AF



Isvea Infinity rimless  
Veggengt WC

**34.997**

Áður 49.995

LED vinnuljós 30W  
m/hleðsubatteri

**10.197**

Áður 16.995

40% AF

LED kastari 20W  
1800LM 5400K á fæti

**6.771**

Áður 11.285

40% AF

20% AF

Vatnsþétt LED útiljós /  
bílskúrsljós IP65 48W 120cm

**5.276**

Áður 6.595

25% AF

Hrærivél Drive-HM-120  
1200W. 40-60 ltr.

**14.996**

Áður 19.995

Drive-HM-140 1600W (20%) **19.996** Áður 24.995

25% AF

Ceravid handlaug 45 cm m/öllu

**17.546**

Áður 23.395

30% AF

Guoren sturtusett svart

**18.197**

Áður 25.995

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm

**27.676**

Áður 34.595

20% AF

Með fyrirvara um prentvillur

SENDUM UM  
LAND ALLT!  
www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR

Í NÝJU OG GLÆSILEGU HÚSNÆÐI,  
URÐARHVARFI 8 KÓPAVOGI!



TANNLÆKNASTOFAN  
VALHÖLL

Urðarhvarf 8 B, 6. hæð, 206 Kópavogur



## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með  
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag  
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignausmjon.is | eignausmjon.is

## Fréttir

Árbæjarblaðið



Aðstöðuhúsið er fullhannað en ekkert hefur gerst í aðstöðumálum Fylkis síðustu tvö árin.

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts 19. desember 2023:

# Harðorð álytun um úrbætur í aðstöðumálum Fylkis

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts ályktaði nýverið um úrbætur í aðstöðumálum Fylkis.

Ályktun ráðsins og greinargerð fer hér á eftir:

Brýnt er að ráðist verði í úrbætur á aðstöðumálum íþróttafélagsins Fylkis. Starfsemi félagsins er ekki aðeins nauðsynlegur þáttur samfélagsins í Árbæ, heldur lýðheilsuáhrif sem hefur áhrif á efnahag og samfélag borgarinnar til lengri tíma. Í því sambandi leggur íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts áherslu á þrjú meginþætti.

1. Fylkir þarf að eignast félagsaðstöðuhús sem fellur vel að þörfum félagsins sem einnig gæti samnýst sem menningarhús. 2. Með samkomulagi Reykjavíkurborgar og Fylkis frá 2017, gaf Fylkir eftir afnot af svokölluðum Hraunbæjarlóðum með ákveðnum skilyrðum. Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts telur brýnt að Fylkir og Reykjavíkurborg hefji þegar formlegt samtal um stöðu samningsins og með hvaða hætti ljúka beri uppgjöri hans. 3. Í Fylkisseli í Norðlingaholti er starfsemi fimleika-, karate- og rafíþróttadeildar auk vaxandi íþróttastarfs eldra fólks í Árbæ. Viðræður og undirbúningur um stækkun Fylkissels hafa verið í gangi í tvö ár en niðurstaða liggur ekki fyrir. Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts telur mikilvægt að leggja fram raunhæfa áætlun um

áframhald verkefnisins þannig að ljúka megi því sem fyrst. Óskar íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts eftir að borgarráð taki framangreind mál til skoðunar á viðeigandi vettvangi.

### Greinargerð:

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts hefur í langan tíma verið meðvitað um vandamál tengd aðstöðu Íþróttafélagsins Fylkis. Eftir fund ráðsins þann 12. desember sl. með forsvarsmönnum liggja fyrir þrjú meginþættir sem brýnt er að komist á rekspól.

### 1. Félagsaðstöðuhús

Í skýrslu sem unnin var af starfshópi með aðkomu borgarinnar, ÍBR og Fylkis árið 2019 var umfjöllum um félagsaðstöðuhús við Fylkisveg sem hýsa ætti almenna aðstöðu Fylkis svo sem félagsheimili, aðstöðu fyrir starfsfólk og búningaástöðu. Hús þetta hefur raunar þegar verið hannað. Í tengslum við hönnun hússins hefur sérstaklega verið skoðað hvernig það gæti samnýst sem menningarhús í Árbænum með aðstöðu fyrir bókasafn ofl. Íbúaráð telur að þetta hús falli vel að brýnni þörf hverfisins fyrir félagsaðstöðuhús af svipuðum toga og önnur hverfi borgarinnar hafa eignast á undanförunum árum.

### 2. Lóðir við Hraunbæ

Íbúðahús hafa risið á svokölluðum

Hraunbæjarlóðum en Fylkir gaf eftir afnot af lóðunum fyrir starfsemi sína með sérstöku samkomulagi við borgarstjóra árið 2017. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að Fylkir fengi fjármuni til byggingar aðalknattspyrnuvallar félagsins auk þess átti Fylkir að fá 20% af sölu lóða sem væri umfram söluverðmæti 400 milljóna og væri umfram framkvæmda-kostnað til annarra uppbyggingar á aðstöðu félagsins.

Íbúaráð telur brýnt að Fylkir og Reykjavíkurborg hefji þegar formlegt samtal um stöðu samningsins og með hvaða hætti ljúka beri uppgjöri hans.

### 3. Stækkun Fylkissels

Í Fylkisseli í Norðlingaholti er starfsemi fimleika-, karate- og rafíþróttadeildar auk vaxandi íþróttastarfs eldra fólks í Árbæ. Fyrir um tveimur árum var af hálfu Reykjavíkurborgar og Fylkis samþykkt að flýta stækkun Fylkissels. Viðræður og undirbúningur hafa verið í gangi en niðurstaða liggur ekki fyrir. Íbúaráð telur mikilvægt að leggja fram raunhæfa áætlun um áframhald verkefnisins þannig að ljúka megi því sem fyrst.

Framkvæmdin hefur verið í forgangi lista um byggingu íþróttamannvirkja síðan 2021.



Stækkun fimleikahússins er brýn en ekkert miðar með framkvæmdir.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



HeilsuKlasinn

# HERRAKVÖLD FYLKIS

FÖSTUDAGINN



2024

FYLKIR

## MÁLVERKAUÐPBOÐ HAPPDRAETTI

Veislustjóri

**GÍSLI EINARS**

Ræðumaður kvöldsins

**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON**

Skemmtikraftar

**BJÖRN BRAGI  
EYÞÓR INGI**

Matseðill

**ÞORRAMATUR & LAMB**

Fjölmennum á glæsilegt og skemmtilegt HERRAKVÖLD  
með góðum vinum og Fylkismönnum.

Verð aðeins

**12.900 kr.**

Borðapantanir á fylkir@fylkir.is

Miðasala

**tix**

#viðerumÁrbær

FYLKIR

www.fylkir.is

# Þorskhnakkar með graskeri og basil pestó

- frábær réttur sem vert er að prófa

Uppskriftir okkar koma frá listakokkinum Kristjönu Steingrimsdóttur (Jana.is).

Jana verslar fiskinn sinn í Hafinu og þar er alltaf svo frábært úrval af ferskasta fiskinum, einnig bjóða þeir upp á svo mikið og gírnilegt úrval af tilbúnum réttum. Hver öðrum betri.

„Ég finn það vel hvað það gerir fjölskyldunni minni gott að borða oft fisk og við Íslendingar erum svo heppnir að hafa kost á svona miklu úrvali af ferskum og góðum fiski. Þar sem við fjölskyldan höfum búið erlendis í um 18 ár erum við extra þakklát fyrir Íslenska fiskinn og kunnum svo mikið að meta hann.“

segir Jana og bætir við: „Ég hvet sem flesta að bæta meiri fiski inn í matarræði sitt og prófa sig áfram með allskonar útgáfur.“

Og við hvetjum lesendur til að prófa þessa uppskrift:

700 gr. ferskir þorskhnakkar frá fiskversluninni Hafinu.

#### Graskers og basil pestó:

½ bolli graskersfræ.  
1 box basil (20 gr.).  
½ box steinselja (10 gr.).  
1 hvítlausrif, afhýtt.  
½ sítróna, safinn.



## Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar

Sími 698-2844 / 699-1322



errea.is



Þorskhnakkin með graskeri og basil pestó er sérlega auðveldur og bragðgóður réttur.

Smá salt og pipar.

250 ml. eða um 1 bolli, ólífuoía.

4 msk. rifinn parmesan ostur (má sleppa).

Blandið öllu nema olíunni og parmesan ostinum saman í matvinnsluvél eða með töfrasprota. Hell-ið svo smá saman olíunni út í blönduna og blandið rólega saman. Hrærið svo að lokum parmesan ostinn út í með skeið, ef þið ætlið að nota, gerir

alveg extra ljúft pesto.

Hitið ofninn í 180 gráður.

Setjið þorskhnakkana í eldfast mót.

Dreifið úr hluta af graskers og basil pestóinu yfir þorskin.

Saltið og piprið og kreistið smá af ferskri sítrónu yfir.

Bakið inn í ofni í um 18 mínútur.

Berið fram með fersku salati, bökudu grænmeti og jafnvel kartöflum eða hrísgrjónum og svo

restinni af pestóinu til að toppa allt saman.

Mjög auðveldur og bragðgóður fiskréttur sem þú munt vilja gera aftur og aftur.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)  
jana.is -www.instagram.com/janast



Séu yfir hluta kirkjugarðsins í Gufunesi.

## Gufuneskirkjugarður – er fyrir þig

Gufuneskirkjugarður er einn stærsti kirkjugarður landsins en hann er um 30 hektarar að stærð. Nafnið tekur garðurinn af Gufunesinu þrátt fyrir að vera staðsettur í miðjum Grafarvoginum sem skýrist væntanlega af því að þegar garðurinn var vígður árið 1980 var Grafarvogurinn ekki til sem hverfi. Kirkjugarðar eru fyrir alla, hvar í trú- eða lífskóðunarfélagi það er. Það sem einkennir þennan kirkjugarð umfram aðra garða er að þar eru grafreitir sem eru hannaðir fyrir mörg trúfélög. Í garðinum eru t.d. sérstakir grafreitir fyrir þá sem eru búddatrúar, ásatrúar, íslamtrúar auk kristinnar trúar. Auk þess sem í garðinum er óvígður reitur fyrir þá sem standa utan trúfélaga. Fyrsta manneskjan sem

jarðsett var í Gufuneskirkjugarði var Kristín Einarsdóttir og er hún því vökukona garðsins.

#### Kirkjugarðurinn er opinn fyrir alla

Við hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur höfum undanfarið ár unnið að nýrri stefnu fyrir garðana þar sem við höfum lagt fram framtíðarsýn og stefnu. Við munum á næstu mánuðum kynna ákveðnar nýjungar í grafreitum. Nýr garður við Úlfarsfell gefur mikil tækifæri til þess. Til að mynda að merkja grafreiti með QR kóðum, minningarveggi og skógar- og fjölskyldugrafreiti svo eitthvað sé nefnt. Í grunninn viljum við að garðarnir séu hluti af því nærumhverfi og þeim hverfum sem þeir eru staðsettir

í en á sama tíma sé þar kyrrð og kærleikur fyrir þá sem vitja ástvina sinna. Við teljum að garðarnir hafi stórt hlutverk við að varðveita menningararf og þar séu allir velkomnir óháð stöðu, trú eða hverju því sem aðgreinir okkur.

Garðurinn er ekki síður fyrir þá sem eru lifandi. Því vil ég bjóða íbúa og náganna okkar í Grafarvogi og velkomna í garðinn sinn til göngutúra eða skoða leiði og um leið njóta fallegs umhverfis og þeirrar kyrrðar sem þar ríkir. Hægt er nálgast frekari upplýsingar um Gufuneskirkjugarð á vef Kirkjugarða Reykjavíkur, kirkjugardar.is

Ingvar Stefánsson  
Frankvæmdastjóri  
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma



# HÓP



## STARFSMANNA DJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR  
**HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM  
OG SAMA STAÐNUM**

Hvar er betra að þjappa  
hópnum saman en í góðu veðri  
innandyra hjá okkur þar sem  
allt er á einum stað.

HAPPY HOUR á barnum og  
RÚTA Í BÆINN alla föstudaga  
og laugardaga.

### OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM


FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á  
[KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS](mailto:KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS)

# GAESANIR / STEGGJANIR AFMÆLI KÉILA PÍLUKAST KARRAOKE

s. 5 11 53 00

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

			Krossgátu-gerð: Bjarni S: 588 7911		brekaða	egnt	áttund	stjannar	eins um i	fuglana		mann	fíklana	skrikaði		
			→									1				
			vopn ----- möndull	10								spíra ----- skautið				
Teikning Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	ærleikur ----- gáski				slabb						skáld				
andvarpa	3						5	tóntáknið ----- flinkur				7				
2 eins						dínamó ----- spil						reykja		prjónninn		
fjallið							rórilla			fuglinn ----- þoka						
varma			átti	verkfæri		skankinn	óx ----- öfug röð		13				fuglinn			
		uppnefni ----- lokaða	8					sprengrja ----- verkfærið								
slælega						gjalla ----- næri				eldstæði	15		hrylli	14		
vagga				fótmál				kusk				skekkju				
	↓		áhaldið ----- spendýr							2				karl- dýrið		
ytra					rullu	9		2 eins			keyri	strákapör ----- hrökk				
skvaldur				hitti ----- pikk						mynni ----- maður			agnir			
	↓	skass ----- gleður						ákafar ----- reið								
fiskurinn								ym ----- númer			erfð ----- önn					
hjárt- fólgin				2 eins	6	skaði ----- reif							hrjá	4		
innan			hljómfall ----- 2 eins						gungan ----- undan							
peð		16			næring						12		röð			
blóm					stæðurnar	11										
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	



Spönginni 13  
112 Reykjavík

## Fréttir

Árbæjarblaðið



Lyfjal á Vesturlandsvegi er með fjórar bílalúgur og er opið frá 9 til 22 alla daga.

# Fimmta bílaapótek Lyfjavalis opnað á næstu dögum

Lyfjal rekur nú fjögur bílaapótek og það fimmta verður opnað á Miklubraut á næstu dögum. Elsta bílaapótekið var opnað í Hæðasmára árið 2005 og fólk er því farið að þekkja þessa tegund þjónustu. Lyfjal Vesturlandsvegi var opnað 2020, Lyfjal

Suðurfelli í september 2022, Lyfjal Reykjanesi í febrúar 2023 og svo verður Lyfjal Miklubraut opnað á næstu dögum.

Öll bjóða þessi apótek upp á hefðbundið úrval af lyfseðilsskyldum lyfjum og allt það helsta af lausasölulyfjum. Að auki er úrval vítamína, bætiefna, hjúkrunarvara og annarrar apóteksvöru. Til viðbótar við bílaapótekin rekur Lyfjal apótek í Glæsibæ og Urðarhvarfi. Þar er vöruúrval meira en í minni apótekunum.

Á lyfjaval.is getur fólk pantað lyf og aðrar vörur og valið um að sækja í eitthvert apótekanna eða fá sent heim.

### Meira næði í lúgunum

Svanur Valgeirsson, framkvæmda-stjóri Lyfjavalis, segist þakklátur fyrir þær viðtökur sem Lyfjal hafi fengið, sérstaklega hversu vel viðskiptavinirnir virðist kunna að meta apótek sem bjóði langan opnunartíma og afgreiðslu í gegnum bílalúgur. Það hafi sýnt sig að viðskiptavinirnir kunni vel að meta að þurfa ekki að fara út úr bílnum.

„Bílalúgunar eru klárlega okkar sérstada og það er gaman að finna hvað fólk finnst þetta þægilegt. Við finnum að viðskiptavinir okkar kunna vel að meta að í lúgunum er meira næði en stundum inni í apótekunum og biðin eftir afgreiðslu er einfaldlega styttri þegar þú situr í bílnum. Það er svo auðvitað mjög þægilegt að þurfa ekki að fara úr bílnum, hvort sem þú ert með sofandi barn í bílnum, átt erfitt með gang eftir aðgerðir eða af öðrum ástæðum, nú eða bara vegna þess að þú vilt sitja í

hlýjunni meðan þú bíður eftir afgreiðslu. Við finnum að fólk kann að meta þessa þjónustu og því erum við full tilhlökkunar að opna enn fleiri apótek af þessu tagi.“

### Opið allan sólarhringinn

Svanur segist líka stoltur að geta sagst reka eina apótekið á landinu sem opið er allan sólarhringinn. Lyfjal í Hæðasmára hefur nú verið opið allan sólarhringinn í tæpt ár og alveg ljóst að þörfin fyrir þessa þjónustu er til staðar.

„Fólk þarf á lyfjum að halda jafnt á nóttu sem degi og við erum til staðar fyrir þá sem eru á ferðinni á nóttunni eða ef upp koma veikindi þegar aðrir eru með lokað.“ segir Svanur.

Aðspurður hvort opnunartími sé ekki orðinn of langur segir Svanur að vissulega væri þægilegt og ódýrara að vera með minna opið en það henti ekki öllum að koma í apótek milli 9 og 18 virka daga.

„Við finnum þörfina fyrir löngum opnunartíma og þess vegna er bara alltaf opið í Hæðasmára og Lyfjal á Vesturlandsvegi er líka opið alla daga, frá 9 til 22. Viðskiptavinurinn þarf á löngum opnunartíma að halda og þá bara sinnum við þeirri þörf með gleði.“ segir Svanur Valgeirsson.

Apótek Lyfjavalis eru nú sex talsins, fjögur bílaapótek, í Hæðasmára, við Vesturlandsveg, í Suðurfelli og við Aðaltorg í Reykjanesbæ, og að auki eru svo apótek í Glæsibæ og Urðarhvarfi. Fimmta bílaapótekið verður síðan opnað á Miklubraut á næstu dögum eða vikum.



Bílaapótekið Hæðasmára er nú opið allan sólarhringinn. Því miður finn ég ekki mynd með 24/7 skiltunum ofan á þakinu.



Apóteki Suðurnesja var lokað á Hringbraut og Lyfjal opnaði nýtt bílaapótek á Aðaltorgi í Reykjanesbæ í byrjun árs 2023. Apótekið er opið frá 9 til 21 alla daga vikunnar.

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Græni  
skátar

## Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ


Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar. Við tökum vel á móti þér. Græni skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu. Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr. fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18  
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

# Á áttunda hundarað hús- og aðalfundir

- á dagskrá hjá Eignaumsjón í vor

Aðalfundir húsfélaga og rekstrarfélaga sem eru í þjónustu hjá Eignaumsjón hófust í byrjun janúar og haldnir verða að jafnaði 40-50 á viku fram að páskum í lok mars. Alls eru um 700 aðalfundi á döfnni hjá fyrirtækinu til apríloka auk að minnsta kosti 60 húsfunda.

Það er búið að vera í mörg horna að líta undanfarna mánuði hjá starfsfólki Eignaumsjónar vegna undirbúnings aðalfundatímans, ekki síst hjá fundarteyminu sem er skipað þeim Gunnþóri Steinari Jónssyni, forstöðumanni þjónustuviðs, Höllu Mjöll Stefánsdóttur ráðgjafa, Sigríði Guðmundsdóttur þjónustufulltrúa og Þór Gíslasyni ráðgjafa. Um 30 fundarstjórar, bæði starfsfólk Eignaumsjónar og verktakar, sinna fundarstjórn á aðalfundunum, sem verða flestir haldnir í fundarsölum Eignaumsjónar að Suðurlandsbraut 30, en einnig í fundarsölum úti í bæ eða í aðstöðu sem viðkomandi húsfélag leggja til.

#### Rafræn boðun funda öruggust

„Það er alltaf áskorun að púsla

saman fundaplani fyrir alla þessa aðalfundi og skipuleggja dagskrána, í samstarfi við formenn og stjórnir viðkomandi félaga,“ segir Þór og bætir við að mikið sé lagt upp úr réttri boðun aðalfunda, til að tryggja að fundirnir verði löglegir og þar með bindandi fyrir viðkomandi hús- og rekstrarfélög. Boða skal til aðalfunda með minnst átta og mest 20 daga fyrirvara, með sannanlegum hætti þar sem tilgreindur er bæði fundartími, fundarstaður og dagskrá.

„Við leggjum áherslu á rafræna boðun aðalfunda hjá okkur, bæði til að tryggja að fundarboðin skili sér örugglega til viðkomandi og til að draga úr pappírnotkun,“ segir Þór.

#### Málefni aðalfunda

Á aðalfundi skal fyrst og fremst ræða um innri málefni félagsins; afgreiða ársreikning og kostnaðar- og húsgjaldaáætlanir, kjósa félaginu stjórn og taka ákvarðanir um næstu áfanga í starfsemi viðkomandi félags. Þór minnir jafnframt á að vilji eigendur að tiltekin mál verði tekin til umfjöllunar á aðalfundi húsfélags þurfi viðkomandi að koma skriflegri ósk þar



Á myndinni eru frá vinstri: Þór Gíslason, Sigríður Guðmundsdóttir og Gunnþór Steinar Jónsson, sem eru í fundarteymi Eignaumsjónar ásamt Höllu Mjöll Stefánsdóttur.

um til stjórnar með góðum fyrirvara, svo hægt sé að geta umræddra mála í fundarboði.

„Við leggjum líka áherslu á að stjórnir og formenn fari vel yfir dagskrá aðalfunda og þau mál sem ræða þarf, s.s. viðhald og framkvæmdir, svo ákvarðanataka verði markviss og skýr. Þá skiptir sköpum fyrir löglega boðun funda að stjórnir hengi upp fundarboð í sameign og setji í póstkassa ef þarf. Við í fundarteyminu sjáum svo um að senda fundarboð rafrænt til allra sem hafa skráð sig í Húsbókina og gefið þar upp netfang. Einnig sendum við í bréfpósti fundarboð til eigenda sem skráðir eru

til heimilis utan viðkomandi húsfélags,“ bætir Þór við.

#### Aðalfundargögn aðgengileg í Húsbókinni

„Tímanlega fyrir aðalfund geta eigendur í húsfélögum hjá okkur nálgast sín fundargögn í Húsbókinni. Þar verður ársreikningur fyrir árið 2023 aðgengilegur sem og kostnaðar-

og húsgjaldaáætlun fyrir árið 2024, ásamt fundarboði og öðrum gögnum sem leggjast á fyrir fundinn,“ segir Þór og bætir við að ýmsar aðrar upplýsingar tengdar viðkomandi húsfélagi séu einnig aðgengilegar þar. Þar á meðal eru eldri ársreikningar og aðalfundargögn húsfélaga sem hafa verið í þjónustu til lengri tíma hjá Eignaumsjón.

## MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Árbæjarblaðið

5. tbl. 10. árg. 2012 maí

Fréttablað íbúa í Árbæ og Norðlingaholti

## Árbæjarblaðið er lesið á hverju heimili

## Mest lesni fjölmiðillinn í Árbæjarhverfinu?

## Auglýsingar í Árbæjarblaðinu skila árangri

# 698-2844

## Félagsstarf fullorðinna

# ÞORRABLÓT

# ÁRVINA

og félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæ 105

Verður haldið föstudaginn 9. febrúar

Hefðbundinn þorramatur og skemmtun. Nánari dagskrá og verð auglýst síðar í félagsmiðstöðinni og á Facebook síðu: [Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105](#)



Félagsmiðstöðin

Hraunbæ 105

Sími 411-2730

## Gamla myndin

Árbæjarblaðið



## Fjáröflunarleikur 2008

Laugardaginn 27. september 2008 fór fram skemmtilegasti leikur ársins á Fylkisvelli. Þetta var fjáröflunarleikur fyrir mfl. kvenna félagsins. Á myndinni sjáum við athyglisvert kapplið sem lék gegn stelpunum í meistaraflokki en óumdeilt er að Ólafur Stígsson og Kristinn Tómasson bera þar ægishjalm yfir aðra leikmenn.

Mynd: Katrín Jónína Björgvinsdóttir

KGG

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILAN Á  
UPPRUNA SINN  
3200 FYRIR KRIST.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á  
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað

✉ [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is) 🌐 [www.utforin.is](http://www.utforin.is)



Sverrir Einarsson  
Útfararstjóri  
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason  
Útfararstjóri  
S: 793 4455



Jóhanna  
Eiríksdóttir  
Umjónu stjóri



Guðerúnður Ó. Jóhanna  
Fránkvarðgjafi  
Umjónu stjóri  
S: 862 0537

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

## Aðalfundur Kvenfélags Árbæjarsóknar

verður haldinn mánudaginn 5. febrúar 2024 kl. 19.30  
í Safnaðarheimili Árbæjarkirkju

Dagskrá

Venjuleg aðalfundarstörf



Kaffi og meðlæti

Allir velkomnir

Stjórn Kvenfélags Árbæjarsóknar



# HeilsuKlasinn

# Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Renndu við í lúgurnar  
á Vesturlandsvegi!  
Opið alla daga 9-22

LYFJAVAL HÆÐASMÁRA

LYFJAVAL SUÐURFELLI



Opið virka daga

**8:30-20**

Opið laugardaga

**11-17**

